



Áfallaáætlun fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar

Áfallaáætlun fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar er unnin fyrir stofnanir sviðsins. Með því er t.d. átt við leik- og grunnskóla, tónlistarskóla, söfn, félagsmiðstöð og íþróttamiðstöð. Ekki á allt við allar stofnanir og gegna skólar almennt lykilhlutverki þegar áföll verða en mikilvægt er að stofnanirnar og samfélagið taki heildrænt utan um þá sem lenda í áfalli og ástvini þeirra.

Skilgreining:

Áföll sem áætlunin nær til eru:

1. Andlát barna eða alvarleg slys, alvarleg veikindi, langvinnir sjúkdómar og mikil vanlíðan.
2. Andlát aðstandenda barna eða alvarleg slys eða veikindi og langvinnir sjúkdómar.
3. Andlát starfsfólks, alvarleg slys, mikil vanlíðan, alvarleg veikindi og langvinnir sjúkdómar
4. Andlát maka eða barna starfsfólks.

Orðskýringar:

- Með hópstjóra getur t.d. verið átt við umsjónarkennara, deildarstjóra og jafnvel verkefnastjóra í félagsmiðstöð.
- Yfirmaður getur t.d. verið skólastjóri, leikskólastjóri, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Aðrar upplýsingar:

- Ef stjórnandi er mikið tengdur þeim sem fyrir áfalli verður tekur næsti yfirmaður við stjórninni.
- Leik- og grunnskólar hafa áfallateymi starfandi. Verði áfall þá er mögulegt að fá aðstoð frá öðrum áfallateymum, stjórnendum sviðsins og kennsluráðgjafa svo og starfsmönnum félagssviðs.
- Mikilvægt er að viðhafa hreinskilin og einlæg tjáskipti. Forðast að nota huglægar útskýringar, ofnota ekki orð eins og svefn og ferð í stað dauðans sem og fara varlega í að nota trúarleg orð og túlkun.
- Skólastjóri tónlistarskóla og/eða staðgengill hans kynna sér málið hjá þeim er málið varðar í grunn- eða leikskóla og ákveða viðbrögð ef við á.



Tilkynningar:

Tilkynningar um áfall skulu berast til yfirmanns stofnunar, staðgengils eða námsráðgjafa sé hann starfandi.

Þegar stjórnandi/áfallateymi tilkynna börnum, starfsfólki eða aðstandendum um áfall skal sá sem það gerir aldrei gera það einn. Áfallaráð hverrar stofnunar skipar stuðningsteymi til að vinna með viðkomandi ef þurfa þykir. Ef leita þarf stuðnings til aðila utan stofnunar sér áfallaráð um það. Áfallaráð gætir ávallt fyllsta trúnaðar gagnvart skjólstæðingum sínum.

Mikilvægt er að allir starfsmenn fái upplýsingar um áföll frá sínum yfirmanni og reynt skal eftir fremsta megni að sjá til þess að enginn fái upplýsingar um áföll í gegnum fjölmiðla.

Eingöngu yfirmaður stofnunar eða yfirmaður hans skal hafa samskipti við fjölmiðla vegna áfallsins og skulu aðrir starfsmenn vísa á þá.

Áföll tengd aðstandendum

Þegar aðstandendur barna lenda í áfalli er mikilvægt að vinna vel með fjölskyldunni og upplýsa börn, starfsfólk og aðra aðstandendur ef við á. Börn hafa þörf fyrir öryggi svo þau eigi auðveldara með að vinna úr áfalli/sorg.

Alvarleg slys aðstandenda barna

- Yfirmaður fær staðfestingu á slysinu hjá forráðamanni barnsins og lætur aðra sem málið varðar vita. Jafnframt er mikilvægt ef aðrir starfsmenn fá upplýsingar að þeim sé komið til yfirmanns.
- Yfirmaður kallar saman áfallaráð og það ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu.
- Starfsmenn undirbúa hópinn undir samskipti við barnið.

Starfsmenn undirbúa barnið undir að koma aftur í skólann/félagsmiðstöð og styður það vel fyrstu dagana.

Alvarleg veikindi aðstandenda barna

- Yfirmaður fær staðfestingu á veikindunum hjá aðstandanda barnsins og lætur aðra sem málið varðar vita.
- Yfirmaður kallar saman áfallaráð og það ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu.
- Starfsmaður sem er í mesta sambandi við barnið heldur góðu sambandi við heimilið og fylgist með framvindu mála, stjórnandi ákvarðar hver tengiliðurinn er.

Andlát aðstandenda barna

- Yfirmaður sér um að afla staðfesta upplýsinga um atburðinn og hefur samband við forráðamenn barnsins.
- Yfirmaður kallar áfallaráð ásamt sóknarpresti saman. Áfallaráð ákveður fyrstu viðbrögð stofnunar í samráði við forráðamenn og skiptir með sér verkum.
- Gæta skal þess að nán skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við stofnunina fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn.



- Yfirmaður kallar starfsfólk stofnunar saman eins fljótt og hægt er og tilkynnir dauðsfallið. Yfirmaður gætir þess að þeir starfsmenn sem ekki eru í stofnuninni þann dag fái fregnina.
- Yfirmaður, sóknarprestur og hópstjóri tilkynna andlátíð í viðkomandi hóp. Hópstjóri hlúir að hópnum eins og hægt er með aðstoð hjúkrunarfræðings, aðilla úr lausnarteymi eða sálfræðings.
- Hópstjóri, í samráði við aðstandendur, hefur samband við forráðamenn allra barna í hópnum og segir frá atburðinum.
- Hópurinn útbýr samúðarkveðju sem þau færa barninu og fjölskyldu hans ásamt kveðju frá stofnuninni.
- Ræða þarf í áfallaráði og í samráði við ættingja hvort starfsmenn eða börn verði viðstödd jarðarförina.
- Hópstjóri undirbýr hópinn undir móttöku hans þegar hann kemur aftur.
- Hópstjóri undirbýr barnið undir að koma aftur í hópinn og styður hann vel fyrstu dagana.

Áföll tengd starfsfólki

Alvarleg slys starfsmanns

- Yfirmaður fær staðfestingu á slysinu hjá starfsmanni eða aðstandanda hans og lætur aðra sem málið varðar vita.
- Yfirmaður ákveður í samráði við áfallaráð og þann slasaða (eða aðstandanda hans) hvernig segja skuli börnum og öðru starfsfólki frá slysinu.

Alvarleg veikindi /langvinnir sjúkdómar starfsmanns

- Yfirmaður fær staðfestingu á veikindunum hjá starfsmanni eða aðstandanda hans og lætur aðra sem málið varðar vita.
- Yfirmaður ákveður í samráði við áfallaráð og þann veika (eða aðstandanda hans) hvernig segja skuli börnum og öðru starfsfólki frá veikindunum.

Andlát starfsmanns

- Yfirmaður leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð.
- Yfirmaður kallar saman allan starfsmannahópinn sem fyrst upplýsir um andlátíð og gætir þess að láta þá vita sem eru fjarverandi þann dag.
- Gæta þarf að náin skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf fái fregnina sérstaklega en ekki yfir hópinn.
- Áfallaráð fundar um hvernig tilkynna eigi börnunum um andlátíð og hvernig upplýsingum skuli komið til forráðamanna barnanna.
- Aðilar úr áfallaráði veita börnunum sem næst stóðu starfsmanninum stuðning næstu daga.
- Yfirmaður fer heim til nánustu aðstandanda starfsmanns og sendir samúðarkveðju til þeirra.
- Sálfræðingur upplýsir starfsmenn um áfallastreitu og birtingamynd hennar, ef þörf er á.

Andlát maka eða barna starfsfólks

- Yfirmaður leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð.
- Yfirmaður upplýsir allt starfsfólk skólans um andlátíð og gætir þess að láta þá vita sem eru fjarverandi þann dag.
- Þess skal gætt að náin skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf fái fregnina sérstaklega en ekki yfir hópinn.



- Ef maki eða barn hópstjóra fellur frá tilkynnir yfirmaður ásamt aðila úr áfallaráði hópnum um andlátíð og kemur upplýsingum til forráðamanna barnanna.
- Aðilar úr áfallaráði veita börnunum sem næstir stóðu starfsmanninum stuðning næstu daga.
- Yfirmaðurinn fer heim til starfsmanns og sendir samúðarkveðju til nánustu aðstandenda.

Slys, sjúkdómar eða andlát barna

Alvarleg slys á börnum. Átt er við meiriháttar áverka sem getur stofnað lífi barnsins í hættu.

Slys sem verða í skipulögðu starfi á vegum Dalvíkurbyggðar:

- Verði barn fyrir alvarlegu slysi í skipulögðu starfi skal sá starfsmaður sem næstur er kalla á hjálp og sinna barninu þar til sértæk aðstoð berst.
- Hafa skal samband við forráðamenn barnsins og lögreglu sem allra fyrst.
- Yfirmaður kallar til áfallráð sem ákveður næstu skref.
- Aðilar úr áfallaráði ásamt hópstjóra ræða við börnin í þeim hópnum sem tengjast málinu.
- Öllu starfsfólki og börnum er greint frá slysinu og þess gætt að enginn fari heim með rangar eða misvísandi upplýsingar.
- Mikilvægt er að fara yfir og skrá þá sem voru vitni að atburðinum og hugað að þeirra þörfum sérstaklega.
- Hópstjóri hringir heim í forráðamenn annarra barna ef þurfa þykir.
- Sé slysið mjög alvarlegt er haldinn fundur í lok dags með öllu starfsfólki þar sem farið er yfir atburðinn ásamt áfallaráði.
- Stjórnandi skal skrá slysið.

Slys sem verða í frítíma:

- Yfirmaður aflar upplýsinga um slysið hjá forráðamönnum barnsins.
- Áfallaráð fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við.
- Starfsfólki og börnum er tilkynnt um slysið.

Næstu dagar eftir slysið:

- Hópstjóri heldur sambandi við forráðamenn barnsins og fylgist með líðan þess.
- Hópstjóri ásamt yfirmanni kemur upplýsingum til starfsmanna og barnanna sem tengjast þeim slasaða.
- Hópstjóri athugar hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar. Að öðrum kosti getur hópurinn sent barninu kveðju.

Þegar barnið snýr til baka

- Hópstjóri undirbýr hópinn undir móttöku barnsins.
- Hópstjóri undirbýr barnið undir að koma aftur í hópinn og styður það vel fyrstu dagana.

Alvarleg veikindi og langvinnir sjúkdómar barna

- Yfirmaður aflar upplýsinga um veikindin hjá forráðamönnum barnsins .
- Áfallaráð ákveður hvernig skuli taka á málinu og hve mikið skuli vinna með viðkomandi hóp.
- Yfirmaður greinir starfsfólki frá veikindum barnsins og hópstjórar ræða við þá hópa sem næstir standa barninu eða eftir aðstæðum í hvert sinn.
- Hópstjóri athugar hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar. Að öðrum kosti getur hópurinn sent barninu kveðju.



Þegar barnið kemur aftur:

- Hópstjóri undirbýr hópinn undir móttöku barnsins.
- Hópstjóri undirbýr barnið undir að koma aftur í skólann og styður það vel fyrstu dagana.

Andlát barns

Yfirmaður sér um að afla staðfesta upplýsinga um atburðinn og hefur samband við forráðamenn barnsins.

- Yfirmaður kallar áfallaráð ásamt sóknarpresti saman. Áfallaráð ákveður fyrstu viðbrögð stofnunarinnar í samráði við forráðamenn og skiptir með sér verkum.
- Gæta skal þess að náin skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf hjá stofnun fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn.
- Yfirmaður kallar starfsfólk saman eins fljótt og hægt er og tilkynnir dauðsfallið.
- Yfirmaður gætir þess að þeir starfsmenn sem ekki eru í vinnunni þann dag fái fregnina.
- Yfirmaður, sóknarprestur og hópstjóri tilkynna andlátíð í viðkomandi hópi. Hlúð er að börnunum eins og hægt er með aðstoð annarra starfsmanna. Skoða þarf hvort rétt sé að kalla til foreldra þeirra barna sem í mestum tengslum eru við barnið.
- Hópstjórar tilkynna andlátíð í öðrum hópum, þannig að allir fái fregnina samtímis.
- Hópstjórar gæta þess að hafa samband við þau börn sem ekki eru þennan dag.
- Hópstjórar/stjórnendur senda bréf heim til foreldra þar sem greint er frá andlátinu og atburðum dagsins. Skoða þarf hvort rétt sé að hringja í eða ná á foreldrum þeirra barna sem í mestum vinskapi við barnið.
- Yfirmaður sér til þess að fáni sé dreginn í hálfu stöng þegar búið er að tilkynna börnunum andlátíð.

Í hópnum sama dag:

- Starfsmenn sem eiga að vera með hópinn fylgja honum eftir það sem eftir er skóladags. Honum til stuðnings eru aðilar úr áfallaráði.
- Börnunum er gefið tækifæri til að ræða um atburðinn.
- Forráðamenn sækja börnin sín ef þurfa þykir.
- Hópstjóri gætir þess að hafa samband við forráðamenn þeirra barna sem ekki eru í stofnunni þennan dag.
- Áfallaráð ásamt hópstjóra fundar í lok dags, fer yfir stöðuna og gerir áætlun um næstu skref.
- Rætt við verkefnastjóra félagsmiðstöðvar og opnun þess dags tekur mið af atburðinum.

Næstu dagar:

- Fulltrúar stofnunarinnar fara ásamt hópstjóra í heimsókn til aðstandenda barnsins með samúðarkveðju.
- Hópstjóri tekur á móti börnunum næstu daga.
- Hópurinn útbýr samúðarkveðju og/eða skrifar minningargrein. Einnig geta þeir teiknað myndir, skrifað bréf, ljóð eða sögur.
- Hópnum er greint frá því sem gerist næstu daga þ.e. kistulagning og jarðarför.
- Ef börnin eiga að vera við jarðarförina þarf að undirbúa það vandlega í samráði við forráðamenn þess látna. Nauðsynlegt er að forráðamenn fari með börnunum sínum í jarðarförina/ minningarathöfnina.
- Gefa þarf svigrúm í hópnum fyrir mismunandi viðbrögð barnanna næstu daga á eftir. Mikilvægt er að börnin fái að tjá tilfinningar sínar og ræða málin.

Áfallaáætlunin var unnin af starfshópi undir stjórn sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs. Leitað var umsagna starfsmanna, stjórnenda, skólahjúkrunarfræðings, félagsmálastjóra og prests. Vinnu lokið í apríl 2013.